

Skipulagsskrá

fyrir Kollektusjóð Jóns Eiríkssonar.

Sjóðurinn, sem í árslokin 1912 var kr. 15453.24, heitir: »Kollektusjóður Jóns Eiríkssonar«.

Upphaflega er sjóðurinn til orðinn af samskotum andlegrar stjettar manna í Noregi og Danmörku, árin 1775—1786, að forgöngu Jóns konferensráðs Eiríkssonar. Var fjeð ætlað til styrktar fátækum prestum á Íslandi, og síðar ánafnað prestum Hólastiftis.

1. gr.

Vöxtunum af sjóði þessum, sem hingað til hefir verið skift milli nokkurra prestakalla í Hólastifti hinu forna, skal framvegis varið til styrktar prestum á því svæði, þurfi þeir í langvarandi sjúkdómum að leita heilsubótar utan heimilis fyrir sjálfa sig, eiginkonur sínar eða óuppkomin börn.

2. gr.

Árlega skal leggja við höfuðstólinn $\frac{1}{5}$ hluta vaxtanna, og það frekar, sem eigi notast ár hvert. Meðan Hvanneyrarprestakall er undir hinum eldri launalögum, helst greiðslan þangað óbreytt af vöxtum sjóðsins, 140 kr. árlega.

3. gr.

89
22. júlí Biskup landsins geymir undir yfirumsjón landsstjórnarinnar sjóðinn, og ávaxtar fje hans. Birtir hann reikning sjóðsins í byrjun hvers árs í Stjórnartíðindunum. Skulu þá og jafnframt auglýstar styrkveitingar úr sjóðnum.

4. gr.

Landstjórnin veitir styrk úr sjóðnum eftir tillögum biskups, en hann hefir aftur í ráðum með sjer víglubiskupinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna. Veiting styrksins skal jafnan fara fram á afmælisdegi Jóns konferensráðs Eiríkssonar hinn 31. dag ágústmánaðar.

Í stjórnarráði Íslands, 22. júlí 1913.

H. Hafstein.

Eggert Briem.